lík hönnun E-label. Beyoncé virðist hins vegar hafa valið íslensku hönnunina fram yfir sína eigin í þetta skiptið.

freyrgigja@frettabladid.is

Ný námskeið að hefjast

- Hot jóga 11. janúar
- Byrjendanámskeið í Hatha jóga 10. janúar
- Meðgöngujóga 10. janúar
- Chakradans 21. janúar – Nýtt - kennari Þórey Viðarsdóttir

Skráning hafin á www.jogastudio.is og í síma: 695-8464 - Drífa / 772-1025 - Ágústa

Fann tilgang í lífinu

Halle Berry segir að hún myndi gefa upp kvikmynda-leik fyrir dóttur sína. Óskarsverðlaunaleikkonan á tveggja ára dóttur með fyrrverandi kærasta, Gabriel Aubry, en hún segir að forgangsroðunin hafi breyst þegar hún varð móðir og að hún einbeiti sér ekki að ferlinum lengur. „Börn breyta forgangsroðuninni og núna hef ég tilgang í lífinu. Ég nýt þess að gera bíómyndir en ég myndi gefa það allt upp á bátinn til þess eins að vera með dóttur minni, ef til þess kæmi.“

ELSKAR MÓÐURHLUTVERKIÐ Halle Berry segir að hún myndi gefa leiklistina upp á bátinn til þess að sinna móðurhlutverkinu, ef til þess kæmi.



Mila Kunis á lausu

Barnastjarnan fyrrverandi, Macaulay Culkin, og leikkonan Mila Kunis eru hætt saman eftir átta ára samband. Talsmaður parsins segir að sambandsslitin hafi þó átt sér stað fyrir nokkrum mánuðum en að þau hafi reynt að halda þeim leyndum á meðan Kunis kynnti nýjustu mynd sína, *Black Swan*, en myndin hefur hlotið mikið lof ytra. „Við hættum saman í góðu og ætlum að vera góðir vinir,“ hafði Kunis sjálf að segja um slitin.



HÆTT SAMAN Macaulay Culkin og Mila Kunis eru hætt saman eftir átta ára samband.

ÚTSALA

38

PREP

Laugavegi 49 / sími 561 5813

Lukkupottur



Allir sem skrá sig á námskeið hjá Hreyfingu í janúar geta unnið glæsilegan snjallsíma, **Samsung Galaxy I9000** ásamt 6 mánaða inneign hjá Símanum. Vinningur að verðmæti 140.000 kr.



TRX & FGF

Nýr styrkur, ný tækni 6-vikna námskeið fyrir konur og karla

TRX- og Ketilbjöllupjálfun

TRX-pjálfunarkerfið er einstakt pjálfunarkerfi þar sem æft er með eigin líkamsþyngd í TRX-böndum. Kerfið er frá bandaríska sjóhernum og leggur áherslu á að þjálfna kjarnavöðva líkamans (kvið, bak og mitti) og unnið er með marga vöðvahópa í einu. Þú nærð nýrri tengingu við líkama þinn með djúpvöðvapjálfun og getur verið viss um að ná að virkja enn fleiri vöðva en venjulega.

Þjálfun með ketilbjöllum er einnig afar áhrifarík þjálfunarleið fyrir kjarnavöðvana. Í þjálfuninni er unnið með marga vöðvahópa í einu, bæði í efri og neðri hluta líkamans. Þjálfun sem stuðlar að meiri árangri á skemmri tíma.

FGF (Fantagott form) er æfingakerfi frá Hollywood sem hefur algjörlega slegið í gegn á Íslandi

Æfingakerfið byggist á einföldum æfingum sem þjálfna upp þol, styrk og snerpu á skjótan og hnitmiðaðan hátt. Grunnbrennsla eykst og í hverjum tíma myndast eftirbruni í líkamanum sem gerir það að verkum að hitaeiningabrennsla heldur áfram á auknum hraða í nokkrar klukkustundir eftir að æfingu lýkur.

Það er aldrei of seint að skora á sjálfa/n sig og komast í sitt besta form.

Allar nánari upplýsingar um verð, tímasetningu og skráningu á www.hreyfing.is

Námskeiðin hefjast 10. og 11. janúar 2011


Árni og félagar heitir á lista BBC

Bassaleikarinn Árni Hjörvar Arnason og félagar í bresku hljómsveitinni The Vaccines eru í þriðja sæti á lista breska ríkisútvarpsins BBC yfir heitustu hljómsveitir ársins 2011. BBC birtir ný nöfn á listanum vikulega, en aðeins annað og fyrsta sæti er eftir.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu á dögunum er annasamt ár fram undan hjá Árna og félögum í The Vaccines. Hljómsveitinni, sem var stofnuð í fyrra, er spáð miklum frama og fyrsta platan er væntanleg í mars. The Vaccines eru bókud á tónleika fram í október, verður á tónleikaferðalagi breska blaðsins NME í febrúar og er ein af heitustu nýju hljómsveitum ársins samkvæmt MTV.

BBC birtir listann árlega, en hann er settur saman af 160 gagnrýnendum, tónlistarbloggurum og fjölmiðlamönnum. Á meðal hljómsveita sem komust á listann áður en þær slógu í gegn eru MGMT, Kaiser Chiefs, Vampire Weekend og Klaxons. Þá komust listamenn á borð við Lady Gaga, Duffy og Mika á listann áður en þau urðu alþjóðlegar ofurstjörnur.

Það er þó alls ekki gefið að slá í gegn þrátt fyrir að komast á lista BBC. Það hafa til að mynda fáir heyrnt um hljómsveitina Kubb sem var á listanum árið 2006. Hljómsveitin Passion Pit biður einnig eftir því að slá í gegn, en hún var á listanum árið 2009.



STÓRT ÁR FRAM UNÐAN Árni Hjörvar er bassaleikari bresku hljómsveitarinnar The Vaccines, en henni er spáð miklum frama í Bretlandi á árinu.

- afb

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SMÁRABÍÓ

HÁSKÓLABÍÓ

FULLKOMIN GÆÐI!

SMÁRABÍÓ Nánar á Midi.is

DEVIL	kl. 10.20	16
LITTLE FOCKERS	kl. 5.30 - 8 - 10.20	12
LITTLE FOCKERS LÚXUS	kl. 5.30 - 8 - 10.20	12
GAURAGANGUR	kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	7
MEGAMIND 3D ÍSL. TAL	kl. 3.40 - 5.50	L
NARNIA 3 3D	kl. 5.30 - 8 - 10.30	7

HÁSKÓLABÍÓ Nánar á Midi.is

SOMEWHERE	kl. 6 - 8 - 10.10	L
LITTLE FOCKERS	kl. 6 - 8 - 10.20	12
GAURAGANGUR	kl. 6 - 8 - 10.10	7
NARNIA 3 3D	kl. 5.30	7
FASTER	kl. 10.10	16

BORGARBÍÓ Nánar á Midi.is

LITTLE FOCKERS	kl. 8 - 10	12
GAURAGANGUR	kl. 5.50 - 8 - 10	7
NARNIA 3 3D	kl. 5.50	7

Nánari upplýsingar og miðasala á **midi.is** facebook /smarabio • Sími 564 0000

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

SÝNINGARTÍMAR	L
LITTLE FOCKERS	6, 8 og 10.10
DEVIL	8 og 10
MEGAMIND 3D - ÍSL. TAL	6
THE NEXT THREE DAYS	5.40, 8 og 10.30

TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á WWW.SAMBIO.IS

VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG!

★★★★★ „Þetta er einfaldlega skemmtilegasta danska tvímyndin sem ég mun eftir að hafa séð“ - Extra Blaðið

★★★★★ „háturvörðvarnir munu halda veislu í einn og hálfan tíma“ - Politiken

TRYGGIÐ PÉR MIÐA Á SAMBIO.IS - ATH. SELT Í NÚMERUÐ SÆTI Í KRINGLUNNI

SAMBIO. IS ALFABAKKA			SAMBIO. IS EGILSHÖLL		
KLOVN - THE MOVIE	kl. 5:50 - 8 - 9:10 - 10:20	14	KLOVN - THE MOVIE	kl. 5:30 - 8 - 10:20 - 11	14
KLOVN - THE MOVIE	kl. 5:50 - 8 - 10:20	14	HEREAFTER Sjónröðlsýning	kl. 7	12
TRON LEGACY	kl. 6 - 8(3D) - 10:40(3D)	10	TRON: LEGACY-3D	kl. 5 - 8 og 10.40	10
MEGAMIND-3D M/Ísl. Tali	kl. 5:50	L	MEGAMIND-3D M/Ísl. Tali	kl. 5	L
LIFE AS WE KNOW IT	kl. 8	L	LITTLE FOCKERS	kl. 5.30 - 8 og 10.20	12
THE LAST EXORCISM	kl. 10:40	16	KRINGLUNNI		
HARRY POTTER	kl. 5:30 - 8:30	10	KLOVN - THE MOVIE	kl. 5:50 - 8 - 10:20	14
DUE DATE	kl. 5:50	10	TRON LEGACY-3D	kl. 5:30 - 8 - 10:10 - 10:30	10
			LITTLE FOCKERS	kl. 8	12
			MEGAMIND-3D M/Ísl. Tali	kl. 5:50	L
			AKUREYRI		
			MEGAMIND-3D M/Ísl. Tali	kl. 6	L
			TRON LEGACY-3D	kl. 8 - 10:40	10
			KLOVN - THE MOVIE	kl. 5:50 - 8 - 10:10	14

TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á **WWW.SAMBIO.IS**

Tvær íslenskar tilnefningar

Nýjustu plötur Jónsa og Ólafar Arnalds eru á meðal tólf platna sem hafa verið tilnefndar til Norrænu tónlistarverðlaunanna 2010.

Go með Jónsa og Innundir skinni með Ólöfu Arnalds eru á meðal tólf platna sem hafa verið tilnefndar til Norrænu tónlistarverðlaunanna 2010.

Tíu íslenskar plötur voru fyrir áramót valdar í lokaúrtakið af þeim 25 sem voru upphaflega tilnefndar. Go með Jónsa varð efst í því vali og komst hún því sjálfkrafa inn á tólf platna lokalistann, rétt eins og sex plötur frá hinum Norðurlandarríkjum. Á meðal þeirra er nýjasta verk sænsku söngkonunnar Robyn, Body Talk, og Magic Chairs með dönsku hljómsveitinni Efterklang.

Það var síðan blaðamaðurinn Arnar Eggert Thoroddsen og fjórir norrænir kollegar hans sem völdu fimm plötur til viðbótar og náði Innundir skinni þangað inn. „Ég var mjög sátur við þessar tvær plötur og að Ólöf færi þarna inn líka. En ég var hundfúll að Hjaltalín skyldi ekki fara inn,“ segir Arnar Eggert, sem spáir því að Jónsi hreppi Norrænu tónlistarverðlaunin.

Alþjóðleg dómnefnd hefur umsjón með valinu á bestu norrænu plötunni og verða verðlaunin afhent á norsku tónlistarhátíðinni By:Larm 18. febrúar á næsta ári, þar sem Arnar Eggert

TÓLF TILNEFNÐAR PLÖTUR

Dungen - *Skit i allt*
 Paleface Helsinki - *Shangri-La*
 Frisk Frugt - *Dansktoppen møder Burkina Faso i det himmelblå rum hvor solen bor, suite*
 Susanne Sundfør - *The Brothel*
 Robyn - *Body Talk*
 Jónsi - *Go*
 Efterklang - *Magic Chairs*
 Serena Maneesh - *S-M 2: Abyss in B Minor*
 The Radio Dept. - *Clinging to a Scheme*
 Ólöf Arnalds - *Innundir skinni*
 Kvelertak - *Kvelertak*
 First Aid Kit - *The Big Black & The Blue*

JÓNSI Arnar Eggert spáir því að Jónsi hljóti Norrænu tónlistarverðlaunin fyrir plötuna *Go*. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

verður einmitt viðstaddur. Hann hafði mjög gaman af því að taka þátt í dómnefndinni. „Þetta var mikil reynsla og gaman að sjá hvernig svona norræn samvinna virkar.“

Hugmyndin á bak við tónlistarverðlaunin er að búa til hliðstæðu við Mercury-verðlaunin í Bretlandi þar sem plötur eru valdar út frá innihaldi frekar en vinsældum. freyr@frettabladid.is

Túristar, Gúllíver og miðilsgáfa

Spennymyndin *The Tourist*, ævintýramyndin *Gulliver's Travels* og nýjasta mynd Clints Eastwood, *Hereafter*, verða frumsýndar hérlendis á morgun.

The Tourist er endurgerð franska tryllisins Anthony Zimmer frá árinu 2005 sem lítið fór fyrir í kvikmyndahúsum. Túristinn fjallar um Frank (Johnny Depp), bandarískan ferðamann sem ferðast um Ítalíu þar sem hann heillast af Elise (Angelina Jolie). Frank eldist við hana en fljótlega kemur í ljós að þau hittu ekki fyrir tilviljun. Fyrir er varir eru þau á flótta í Feneyjum, flækt í leynimakk og hættuspil á hæsta stigi. Myndin hlaut nýverið þrjár tilnefningar til Golden Globe-verðlaunanna. Leikstjóri

THE TOURIST Angelina Jolie og Johnny Depp leika aðalhlutverkin í *The Tourist*.

er Florian Henckel von Donnersmarck sem sló í gegn með verðlaunamyndinni *Das Leben der Anderen*.

Gulliver's Travels er ný þrívíddarútgáfa af ævintýrinu um Gúllíver í Putalandi. Seinhepp-

inn ferðatextahöfundur, Lemuel Gulliver (Jack Black), tekur að sér verkefni í Bermúda en endar á eyjunni Lilput þar sem hann gnæfir yfir smávaxna íbúa eyjarinnar. Auk Blacks fara með helstu hlutverk þau Jason Segel, Emily Blunt, Amanda Peet og Billy Connolly.

Í Hereafter leikur Matt Damon bandarískan náunga sem býr yfir miðilsgáfu en vill ekkert með hana hafa lengur. Hinum megin á hnettinum lendir frönsk blaðakona í náttúruhamföllum og rétt sleppur lifandi. Þegar ungur skólastrákur í London missir manneskjuna sem er honum nánust fer af stað atburðarás sem leiðir þessar þrjár manneskjur saman vegna trúar þeirra á það sem gerist eftir að þessu lífi lýkur.

CAFÉ BÍÓ PARADÍS

THE KILLER INSIDE ME (16) 18:00, 20:10, 22:30
 RARE EXPORTS (12) 18:00, 20:00, 22:00
 ENTER THE VOID (16) 18:00, 21:00
 GNARR (L) 18:00, 22:30
 INSIDE JOB (L) 20:20

MUNID ADGANGSKORTINI! Allt að 37% afsláttur

BLEIKI PARDUSINN SNÝR AFTUR!

PETER SELLERS THE PINK PANTHER SNÝR AFTUR 7. JANUAR EIN VÍKA-FIMM MYNDIR TRYGGIÐ PÉR MIÐA Á MIDI.IS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR / BIOPARADIS.IS / MIDI.IS



AFPREYINGAR SPRENGJA

AÐEINS ÞESSA HELGI



NÝTT Á DVD - KR. 1.989 - Allir nýir titlar!

ÓDÝR DVD MARKAÐUR - Tvö verð - 489 og 989

TÓNLIST - 20% AF ÖLLUM NÝJUM TITLUM

MIKIÐ ÚRVAL RAFTÆKJA Á LÁGMAX VERÐI

HEIMABIÓKERFI - MIKIÐ ÚRVAL Á LÁGMAX VERÐI - FRÁ 29.989

42" SJÓNVÖRP - FRÁBÆR TILBOÐ - FRÁ 99.989

50" SJÓNVÖRP - ÓTRÚLEG VERÐ - FRÁ 149.989

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kaupþúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

MAX
RAFTÆKI



HANDBOLTAMENN hafa verið áberandi í kjöri á íþróttamanni ársins undanfarin ár en Alexander Petersson er sjötti handboltamaðurinn á níu árum sem kjörinn er íþróttamaður ársins. Fjórir leikmenn úr bronslíðinu frá EM í Austurríki voru síðan á meðal þeirra sex efstu í kjörinu í ár.

Íþróttamaður ársins

Þessir fengu atkvæði í kjörinu:

- 1. Alexander Petersson, handbolti 307 stig
2. Gylfi Þór Sigurðsson, knattspyrna 283
3. Íris Mist Magnúsdóttir, hópflímleikar 171
4. Aron Pálmarsson, handbolti 123
5. Arnór Atlason, handbolti 105
6. Ólafur Stefánsson, handbolti 102
7. Hlynur Bæringsson, handbolti 65
8. Helga M. Þorsteinsdóttir, frjalsár 62
9. Hólmfríður Magnúsd., knattspyrna 61
10. Hrafnhildur Lúthersdóttir, sund 47
11. Ásdís Hjalmsdóttir, frjalsár 40
12. Róbert Gunnarsson, handbolti 30
13-14. Þóra B. Helgadóttir, knattspyrna 25
13-14. Birgir Leifur Halþórsson, golf 25
15. Helena Sverrisdóttir, körfubolti 19
16. Gréttar Rafn Steinsson, knattspyrna 17
17. Anna Ú. Guðmundsd., handbolti 13
18. Ragna Ingólfsdóttir, badminton 9
19. Alfreð Finnbogason, knattspyrna 8
20. Björgvin Páll Guðavsson, handbolti 5
21. Ragnheiður Ragnarsdóttir, sund 4
22. Jón Margeir Sverrisson, sund 3
23-24. Sólvi Geir Ottesen, knattspyrna 2
23-24. Jakob Jóhann Sveinsson, sund 2
25-26. Björgvin Björgvinsson, skíði 1
25-26. Auðunn Jónsson, kraftlyftingar 1

Íþróttamenn ársins

- 2010: Alexander Petersson
2009: Ólafur Stefánsson
2008: Ólafur Stefánsson
2007: Margrét Lára Viðarsdóttir
2006: Guðjón Valur Sigurðsson
2005: Eiður Smári Guðjohnsen
2004: Eiður Smári Guðjohnsen
2003: Ólafur Stefánsson
2002: Ólafur Stefánsson
2001: Örn Arnarson
2000: Vala Flosadóttir
1999: Örn Arnarson
1998: Örn Arnarson
1997: Geir Sveinsson
1996: Jón Arnar Magnússon
1995: Jón Arnar Magnússon
1994: Magnús Scheving
1993: Sigurbjörn Bárðarson
1992: Sigurður Einarsson
1991: Ragnheiður Runólfssdóttir
1990: Bjarni Friðriksson
1989: Alfreð Gíslason
1988: Einar Vilhjálmsson
1987: Arnór Guðjohnsen
1986: Eðvarð Þór Eðvarðsson
1985: Einar Vilhjálmsson
1984: Ásgeir Sigurvinsson
1983: Einar Vilhjálmsson
1982: Óskar Jakobsson
1981: Jón Páll Sigmarsson
1980: Skúli Óskarsson
1979: Hreinn Halldórsson
1978: Skúli Óskarsson
1977: Hreinn Halldórsson
1976: Hreinn Halldórsson
1975: Jóhannes Eðvaldsson
1974: Ásgeir Sigurvinsson
1973: Guðni Kjartansson
1972: Guðjón Guðmundsson
1971: Hjalti Einarsson
1970: Erlendur Valdimarsson
1969: Guðmundur Gíslason
1968: Geir Hallsteinnsson
1967: Guðmundur Hermannsson
1966: Kolbeinn Pálsson
1965: Valbjörn Þorláksson
1964: Sigríður Sigurðardóttir
1963: Jón P. Ólafsson
1962: Guðmundur Gíslason
1961: Vilhjálmur Einarsson
1960: Vilhjálmur Einarsson
1959: Valbjörn Þorláksson
1958: Vilhjálmur Einarsson
1957: Vilhjálmur Einarsson
1956: Vilhjálmur Einarsson

Dóra María Lárusdóttir: Hafnaði Rayo Vallecano

FÓTBOLTI Landsliðskonan Dóra María Lárusdóttir, sem var valin besti leikmaður Pepsi-deildar kvenna síðasta sumar, mun ekki ganga í raðir spænska liðsins Rayo Vallecano.

Dóra María hafnaði tilboði spænska félagsins en þetta staðfesti umboðsmaður hennar við Stöð 2. Annað spænskt félag var einnig á eftir Dóru Maríu en hún náði ekki heldur samkomulagi við það félag.

Dóra hefur verið ein besta knattspyrnukona landsins og eftirsótt af mörgum félögum. Hún hefur þrátt fyrir það ekki enn ákveðið að reyna fyrir sér erlendis.

Ekki er þó útilokað að hún fari út því hún er einnig með tilboð í höndunum frá liði í Skandinavíu.

- hbg

Stórkostleg stund í mínu íþróttalífi

Alexander Petersson varð í gærkvöldi fyrsti íþróttamaður ársins í sögunni sem er af erlendu bergi brotinn. Hann kom til Íslands fyrir tólf árum en hefur fyrir löngu unnið hug og hjörtu íslensku þjóðarinnar með frammistöðu sinni enda sannur víkingur inni á velli og frábær liðsmaður í vörn sem sókn.

HANDBOLTI Handboltamaðurinn Alexander Petersson var í gær kosinn íþróttamaður ársins og endurskrifaði um leið 55 ára sögu kjörsins með því að verða fyrsti íþróttamaður ársins sem er af erlendu bergi brotinn en Alexander er búinn að vera íslenskur ríkisborgari í sex ár.

„Þetta er bara frábært og kom mjög mikið á óvart. Ég bjóst alls ekki við þessu. Ég er enn að átta mig á þessu og því að allir séu að óska mér til hamingju með að vera íþróttamaður ársins. Þetta er stórkostleg stund í mínu íþróttalífi,“ sagði Alexander strax eftir kjörið greinilega hræður að hafa fengið styttuna stóru í hendurnar.

Alexander er sjötti handboltamaðurinn á síðustu níu árum sem er kosinn Íþróttamaður ársins en alls hefur handboltamaður hlotið þennan heiður ellefu sinnum. Kosningin var mjög jöfn og munaði aðeins 24 stigum á Alexander og knattspyrnumanninum Gylfa Þór Sigurðssyni sem varð annar. Hópflímleikakonan Íris Mist Magnúsdóttir varð síðan í þriðja sæti sem er besti árangur flímleikakonu frá upphafi í kjörinu.

Alexander tekur við styttni af Ólafi Stefánssyni sem hefur varðveitt hana tvö síðustu ár. „Ég horfði mikið upp til Óla og núna tíu árum seinna fæ ég að fylgja eftir í hans fótspor og fá þessi verðlaun. Það er mjög skemmtilegt,“ sagði Alexander.

Sá mikilvægasti í landsliðinu

Ólafur hrósaði líka Alexander í gær. „Alex á þetta svo sannarlega skilið af því að það er frábært að hann skuli fá viðurkenningu fyrir alla þá vinnu sem hann er að leggja á sig. Mér líður ennþá betur með að hann fái þetta. Oft þegar ég kem á landsliðsæfingar þá hálf skammast ég mín fyrir að vera að halda stöðunni frá honum því hann er það góður í henni. Skotin hans eru mögnuð og sprengikrafturinn er mikill,“ segir Ólafur og heldur áfram: „Hann er okkar mikilvægasti leikmaður að mínu mati því að landsliðið fer allt í einu gang þegar hann byrjar að mæta. Hann er líklega töframaðurinn í allri velgengni liðsins. Hann er lítillátur og karakterinn er allur fallgur og góður. Hann tekur þessu öllu með sinni ró og virðist vera stoltur af því að vera Íslendingur,“ segir Ólafur.

Alexander átti stóran þátt í því að íslenska landsliðið vann brons á EM í Austurríki en hann var einn af bestu varnarmönnum mótsins og skoraði að auki 3,6 mörk að meðaltali í leik. Það mun enginn heldur gleyma því þegar hann bjargaði marki Pólverja úr hraða-



EIVOR ÁNÆGD MEÐ SINN MANN Eivor Pála Blöndal sést hér dást að eiginmanni sínum og nýkrýndum íþróttamanni ársins 2010, Alexander Peterssyni, eftir að kjörið hafði verið kunnngjört í gær.

upphlaupi á úrslitastundu í leiknum um þriðja sætið.

„Þetta var rosalega gott ár og það sem meira er það var allt eitthvað nýtt og jákvætt að gerast. Það verður erfitt að toppa þetta ár,“ segir Alexander og bætir við: „Það var frábær byrjun á árinu að vinna bronsið á EM og það gaf mér mikið sjálfstraust inn í árið. Ég ætlaði líka að gera allt sem ég get og sýna hvað í mér býr. Ég er búinn að horfa nokkrum sinnum á þetta myndband frá leiknum á móti Póllandi og það hvetur mig alltaf áfram að sjá það,“ segir Alexander.

Fram undan er HM í handbolta og þar vonast Alexander til að geta hjálpað landsliðinu áfram. „Ég vona að HM verði skemmtilegt mót og það væri gaman ef ævintyrið héldi bara áfram hjá mér. Þetta síðasta ár er búið að vera þannig að það er alltaf eitthvað nýtt og skemmtilegt að gerast,“ segir Alexander.

Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari var stoltur af sínum manni.

„Mér finnst þetta frábært og hann er vel að þessu kominn.“

Ég veit að strákarnir mínir voru að horfa á þetta í sjónvarpinu. Eldri strákurinn er orðinn sex ára og hann verður örugglega mjög glaður að geta farið í skólann á morgun og sagt: Pabbi minn er besti íþróttamaður ársins.

ALEXANDER PETERSSON NÝKRÝNDUR ÍÞRÓTTAMAÐUR ÁRSINS 2010

Hann er frábær liðsmaður og allt það sem var sagt um hann í kringum kjörið er satt og rétt og það var ekkert verið að ýkja eða gera þetta eitthvað betra en það er. Hann hefur staðið sig frábærlega fyrir íslenska landsliðið,“ segir Guðmundur sem segir Alexander alltaf gefa sig hundrað prósent í öll verkefni.

Víkingablóð í honum

„Hann hefur oft spilað hálfmeiddur en harkað af sér. Hann er hörkutól og við verðum stundum

að passa upp á hann að hann geri ekki of mikið því hann kvartar aldrei. Það er hörku víkingsæðli og víkingablóð í honum,“ segir Guðmundur.

„Þetta er stórkostlegt fyrir mig að fá svona titil og klapp á bakið. Ég get núna sýnt strákonum mínum að ég hafi verið einhyrn tímátt íþróttamaður ársins. Ég er samt ekki að fara að hætta núna því ég ætla að gera meira og nú er bara að setja stefnuna á að vinna þetta aftur,“ segir Alexander. Hann er giftur Eivoru Pálu Blöndal og eiga þau synina Lúkas og Tómas. Eivor var mætt í hófið en strákarnir sátu heima. Alexander vissi þó af þeim fyrir framan sjónvarpið.

„Ég veit að strákarnir mínir voru að horfa á þetta í sjónvarpinu. Eldri strákurinn er orðinn sex ára og hann er alveg með það á hreinu hverjir eru bestir. Hann verður örugglega mjög glaður að geta farið í skólann á morgun og sagt: Pabbi minn er besti íþróttamaður ársins. Þetta verður örugglega mjög stórt fyrir hann,“ segir Alexander að lokum.

ooj@frettabladid.is

Dapurtt gengi Liverpool og Chelsea hélt áfram í gær og markalaust jafntefli varð í stórleik gærkvöldsins:

Gott kvöld fyrir Man. Utd í sófanum heima

FÓTBOLTI Þó svo að Man. Utd hafi ekki spilað í gær þá fögnuðu leikmenn liðsins eflaust í sófanum því allir helstu andstæðingar liðsins misstigu sig í gær. United er því enn á toppnum og á leiki á næstu lið.

Stórleikur gærkvöldsins var viðureign Arsenal og Man. City. Leikurinn stóð ekki undir væntingum því honum lyktaði með markalausum jafntefli. Úrslit sem bæði lið áttu erfitt með að sætta sig við.

Talsvert líf vantaði í leikinn en þeir Pablo Zabaleta og Bacary Sagna sýndu mesta lífið undir lokin er þeir stungu höfðum saman

og fengu báðir reisupassann fyrir vikið. Tottenham missteig sig einnig gegn Everton og Chelsea tapaði á neyðarlegan hátt gegn Úlfnum en það ætla ekki að ganga hjá Chelsea að vakna til lífsins. Eina mark leiksins var klaufalegt sjálfsmark hjá José Bosingwa á 5. mínútu. Úlfarnir voru þetta eina mark og fengu öll stig. Það er því heitt undir Carlo Ancelotti, stjóra Chelsea.

„Félagið stendur við bakið á mér á hverjum degi og ég hef ekki yfir neinu að kvarta. Ég þarf samt greinilega að standa mig betur í starfi því það sem ég er að gera

virðist ekki duga til. Þetta er erfið staða en við megum ekki gefast upp,“ sagði Ancelotti.

Enn hitnar undir Roy Hodgson eftir eitt tapið enn í gær. Liverpool var kafsigt framan af og lengi vel leit út fyrir stórsigur hjá Blackburn. Leikmenn Liverpool sýndu líf undir lokin. Gerrard minnkaði muninn en klúðraði svo víti og gerði út um allar vonir liðsins um stig.

RÁÐALASIR Steven Gerrard og félagar vita ekki hvað þeir eiga að gera. Gerrard klúðraði víti í gær.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES





LENGI FRÁ Geir glímur við erfið veikindi og spilar ekki handbolta á næstunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/SÆVAR

Geir Guðmundsson fékk blóðtappa á byrjunarstigi og þarf að hvíla sig:

Geir spilar líklega ekki meir í vetur

HANDBOLTI Topplið Akureyrar hefur orðið fyrir miklu áfalli því stórskytta unga Geir Guðmundsson mun líklega ekki spila meir með liðinu á þessari leiktíð vegna alvarlegra veikinda.

„Þegar hann fór að æfa með ungmennalandsliðinu uppgötvaðist að ekki væri allt með felldu. Sem betur fer náðist að greina hann rétt áður en hann fór út með liðinu. Það er engu að síður ljóst að hann spilar ekki með okkur á næstunni og alls óvíst hvort hann verður eitthvað meira með í vetur,“ sagði Atli Hilmarsson, þjálfari Akureyrar, en

þetta er töluvert áfall fyrir Akureyrarliðið enda hefur Geir leikið geysivel í vetur.

Þegar Geir var rannsaður kom í ljós að hann var með blóðtappa á frumstigi í hendinni og er kominn á blóðþynningarlyf. Meiðslin þýða að hann má hlaupa og hreyfa sig en má ekki taka á því og lenda í samstuðum. Hann þarf því að fara sér hægt og spilar eðlilega ekki handbolta á meðan hann er að jafna sig.

Geir er aðeins sautján ára gamall og er ekki algengt að menn á þessum aldri lendi í slíku. Hann

getur komist yfir þessi veikindi en kunnugir segja að Geir hafi verið heppinn að þau uppgötvuðust áður en hann fór út með landsliðinu. U-21 árs liðið fer utan til Serbíu í dag þar sem það tekur þátt í undankeppni HM.

„Hann er ungur og sterkur og það hjálpar honum. Honum líður ágætlega og er í höndum góðra manna. Við óskum honum alls hins besta og vonandi kemst hann á fullt fyrir frekar en síðar,“ sagði Atli en Akureyringar hafa ekki enn ákveðið hvort þeir reyni að fá nýjan leikmann í hans stað. - hbg

ÚRSLIT

Enska úrvalsdeildin:

Arsenal-Man. City	0-0
Rauð spjöld: Pablo Zabaleta, Man. City (89.), Bacary Sagna, Arsenal (89.)	
Aston Villa-Sunderland	0-1
0-1 Phillip Bardsley (80.). Rauð spjöld: Emile Heskey, Aston Villa (67.), Boudewijn Zenden, Sunderland (86.)	
Newcastle-West Ham	5-0
1-0 Leon Best (17.), 2-0 Leon Best (38.), 3-0 Kevin Nolan (44.), 4-0 Leon Best (59.), 5-0 Peter Lövenkrands (62.)	
Wolves-Chelsea	1-0
1-0 José Bosingwa, sjm (5.).	
Blackburn-Liverpool	3-1
1-0 Martin Olsson (32.), 2-0 Benjani Mwaruware (38.), 3-0 Benjani Mwaruware (57.), 3-1 Steven Gerrard (81.)	
Bolton-Wigan	1-1
1-0 Rodrigo (53.), 1-1 Ronnie Stam (80.)	
Everton-Tottenham	2-1
1-0 Louis Saha (3.), 1-1 Rafael van der Vaart (11.), 2-1 Seamus Coleman (74.)	

STaðan:

Man. United	20	12	8	0	43-19	44
Man. City	22	12	6	4	33-16	42
Arsenal	21	12	4	5	42-22	40
Tottenham	21	10	6	5	31-25	36
Chelsea	21	10	5	6	36-19	35
Sunderland	22	8	9	5	25-22	33
Bolton	22	7	9	6	34-29	30
Newcastle	21	8	4	9	34-31	28
Blackburn	22	8	4	10	29-35	28
Stoke City	21	8	3	10	26-26	27
Everton	21	5	10	6	23-25	25
Liverpool	20	7	4	9	24-27	25
Blackpool	19	7	4	8	27-32	25
Fulham	21	4	10	7	22-24	22
Birmingham	20	4	10	6	20-25	22
WBA	21	6	4	11	26-39	22
Aston Villa	21	5	6	10	23-38	21
West Ham	22	4	8	10	22-38	20
Wigan	20	4	8	8	17-32	20
Wolves	20	5	3	12	20-34	18

IE-deild kvenna:

Haukar-Keflavík	62-72
Haukar: Kathleen Patricia Snodgrass 19/8 fráköst/6 stoðsendingar, Gunnhildur Gunnarsdóttir 12/5 fráköst, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 10/14 fráköst, Íris Sverrisdóttir 9, Helga Jónasdóttir 5/5 fráköst, Guðrún Ósk Ámundardóttir 3, María Lind Sigurðardóttir 2, Sara Pálmadóttir 2. Keflavík: Jacqueline Adamschick 23/22 fráköst/5 stolnir, Bryndis Guðmundsdóttir 18/7 fráköst, Birna Ingibjörg Valgarðsdóttir 14/5 stoðsendingar, Pálína Gunnlaugsdóttir 8/7 fráköst, Telma Lind Ásgeirsdóttir 4, Ingibjörg Jakobsdóttir 3, Hrunn Jóhannsdóttir 2/4 fráköst.	
Grindavík-Njarðvík	88-80
Grindavík: Crystal Ann Boyd 28/6 fráköst, Agnija Reke 16/5 fráköst/6 stoðsendingar/7 stolnir, Helga Hallgrímsdóttir 15/14 fráköst, Berglind Anna Magnúsdóttir 11/4 fráköst, Alexandra Marý Hauksdóttir 8, Harpa Hallgrímsdóttir 6/10 fráköst, Ingibjörg Yrsa Ellertsdóttir 4. Njarðvík: Shayla Fields 25/14 fráköst/6 stoðsendingar, Anna María Ævarsdóttir 14/4 fráköst, Ólöf Helga Pálsdóttir 11/6 fráköst, Ina María Einarsdóttir 10, Dita Liepkalne 10/8 fráköst, Arnína Lena Rúnarsdóttir 6, Erna Hákonardóttir 4.	
Fjölínir-Snæfell	57-79
Fjölínir: Natasha Harris 23/10 fráköst/6 stoðsendingar/6 stolnir, Inga Buzoka 22/12 fráköst/3 varin skot, Birna Eiríksdóttir 10, Erla Sif Kristinsdóttir 2/4 fráköst. Snæfell: Monique Martin 30/15 fráköst/3 varin skot, Berglind Gunnarsdóttir 18, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 10/10 fráköst, Hildur Björg Kjartansdóttir 7/6 fráköst, Björg Guðrún Einarsdóttir 7, Ellen Alfa Högnadóttir 4, Alda Leif Jónsdóttir 2,	

STaðan:

Hamar	12	12	0	956-809	24
Keflavík	12	11	1	1040-733	22
KR	12	7	5	832-757	14
Haukar	12	6	6	771-802	12
Njarðvík	12	4	8	867-891	8
Snæfell	12	4	8	772-891	8
Fjölínir	12	2	10	728-971	4
Grindavík	12	2	10	706-818	2

STJÖRNULJÓS FLUGELDASALA

FULL BÚÐ AF GLÆSILEGUM ÞRETTÁNDATILBOÐ

OPH Í DAG

GLÆSILEGASTI SÖLUSTADUR LANDSINS SMÍÐJUVEGI 9A KÓPAVOGI

Í KVÖLD



STÖÐ 2 KL. 20.10
MasterChef

Kjafffori kokkurinn Gordon Ramsay er mættur aftur með stórskemmtilegan matreiðslubátt þar sem áhugakokkar fá tækifæri til að sanna sig. Þetta er bandarísk útgáfa þáttanna sem slógu fyrst í gegn í Bretlandi og hafa síðan farið sigurför um heiminn.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútlit hefst 06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn 07.03 Vitt og breitt 07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.03 Veðurfregnir 10.13 Lítla flugan 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregnir 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar 13.00 Leiftur um nótt 14.00 Fréttir 14.03 Á tónsviðinu 15.03 Útvarpsagan: Höll minninganna 15.25 Miðdegistónar 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Víðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.20 Auglýsingar 18.21 Spegillinn 18.50 Veðurfregnir 18.53 Dánarfregnir 19.00 50 ára söngfæli Helenu Eyjólfsdóttur 20.35 Ber er hver að baki 21.30 Bjart er yfir bókaþjófi 22.05 Veðurfregnir 22.10 Orð kvöldins 22.15 Útvarpsraddir: Stefán Jón Hafstein 23.05 Nú er glatt í hverjum hól 00.05 Nærtúónar

BBC entertainment

11.00 Whose Line Is It Anyway? 11.25 EastEnders
11.55 Lark Rise to Candleford 12.45 Fawcety Towers
13.20 Only Fools and Horses 13.50 QI 14.20 MDA
14.50 Lark Rise to Candleford 15.40 Lark Rise to Candleford
16.30 The Weakest Link 17.20 Deal or No Deal
17.55 Deal or No Deal 18.30 Only Fools and Horses
19.00 Live at the Apollo 19.45 Live at the Apollo
20.30 MDA 21.00 QI 21.30 The Weakest Link
22.20 Fawcety Towers 22.55 Fawcety Towers
23.25 EastEnders 23.55 Only Fools and Horses
00.30 Live at the Apollo 01.15 Live at the Apollo

DR 1

11.30 Min italienske dröm 12.30 Chris på Skolebænken
13.00 Vores Liv 13.30 Kend du typen 14.00 DR Update - nyheder og vejr 14.05 Aftenshowet
15.00 Noddy 15.10 Rasmus Klump 15.15 Babar 15.30 Skæg med bogstaver 15.50 Polis, polis 16.00 Landsbyhospitalet 16.50 Det søde liv
17.00 Vores Liv 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet
19.00 I Afrikas vulkaner 20.00 TV Avisen 20.25 SportNyt 20.30 Ken Folletts Jordens søjler
22.15 Onsdags Lotto 22.20 OBS 22.25 Lykke 23.25 Godnat

NRK 1

11.00 DR Update - nyheder og vejr 11.10 Natur til hele banden
11.30 Min italienske dröm 12.30 Chris på Skolebænken
13.00 Vores Liv 13.30 Undercover chef - TDC 14.00 DR Update - nyheder og vejr
14.05 Aftenshowet 15.00 Noddy 15.10 Rasmus Klump
15.15 Babar 15.30 Cirkeline i Fandango 16.00 Landsbyhospitalet 16.50 Det søde liv
17.00 Vores Liv 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet
19.00 Forsvindne danskere 19.30 Verdens vildeste ørkenur 20.00 TV Avisen
20.25 SportNyt 2011 20.30 Ken Folletts Jordens søjler
22.15 Klodens kræfter 23.05 Godnat

SVT 1

10.20 Skidor: Världscupen Cortina 12.25 Inför Idrottsgalan 2010
12.50 Skidor: Världscupen Cortina 14.00 Inför Idrottsgalan 2010 14.10 Hipp Hipp
14.40 Rapport 14.45 Bandy: Elitserien 16.55 Sportnytt 17.00 Rapport med A-ekonomi 17.10 Regionala nyheter
17.15 Det goda livet 18.00 Kronprinsessparets resa till Frankrike
18.30 Rapport 18.55 Regionala nyheter 19.00 Trettondagsshow på Berwaldhallen
20.00 Alfredson och söner 21.00 Varg 22.35 Nurse Jackie 23.05 Hundär 00.25 Tillbaka till Cranford
01.55 Bernard och Doris

ÓDÝRT!
NICOTINELL FRUIT

NICOTINELL FRUIT

er ódýrara!*

* Fruit er ódýrasta Nicotinell lyfjatyggigúmmið



Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins

Nicotinell nikótínlyfjást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar af Nicotinell lyfjatyggigúmmi mega aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Þeir sem hafa fengið ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, að meðtöldu Prinzmetal afbrigði hjartaangar, alvarlega hjartsláttaröreglu eða heilablóðfall nýlega, eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Sjúklingar með háþrýsting sem ekki hefur náðst stjórn á, stöðuga hjartaöng, sjúkdóm í heilæðum, teppusjúkdóm í útlægum slagæðum, hjartabilun, sykursýki, ofstarfsemi skjaldkirtils eða krómíklæxli, auk alvarlega skertrar nýrna- og/eða lifrarstarfsem skulu gæta varúðar við notkun á Nicotinell. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhraun 12a, 210 Garðabæ.



Lyf & heilsa
við hlustum!

FORSÍÐA

VIÐSKIPTI

ÍPRÓTTIR

LÍFIÐ

UMRÆÐAN

FÁÐU FÍNA OG FRÆGA FÓLKID Í HEIMSÓKN

Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Úrval afþreyingar, fréttar og myndskaiða í margfalt betri upplausn en áður og með góðu aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á nýjum Vísi.



Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

m.visir.is

Fáðu Vísi í símann og í iPad!



VÍSIR.IS



„Núna er ég að horfa á allt *Supernatural*. Ég hef alltaf verið mikið fyrir hryllingsmyndir og þessir þættir eru hæfileg blanda af spennu og hryllingi. Þættirnir eru góð og strákaleg útgáfa af *Charmed*.“

Emmisjé Gauti, rappari.

Á bókaða fjóra fundi í Hollywood

„Ég átti von á þeim fyrr en það kom eitthvað upp á hjá þeim úti. En jú, ég reikna með því að hitta þá þegar þeir koma,“ segir Gestur Valur Svansson leikstjóri. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær er Klovn-tvíeykið væntanlegt til Íslands í dag til að kynna kvikmynd sína *Klovn: The Movie*. Gestir Val og Casper Christensen varð ágætlega til vina síðasta sumar þegar þeir fóru saman á fund Adams Sandler í Los Angeles til að kynna nokkrar hugmyndir að kvikmyndum sem Gestur hafði sett niður á blað.

Gestur Valur er reyndar búinn að sjá Klovn-myndina, fór út til Danmerkur á forsýningu hennar 14. desember síðastliðinn og var síðan með Klovn-dúettinum í eftirpartíi. Forsýningin var ansi skrautleg því samkvæmt dönskum fjölmiðlum sprönguðu fáklæddar stúlkur um ganga kvikmyndahússins og hláturtaugarnar voru rækilega kitlaðar þegar

þeir Frank og Casper stigu á svið og sögu frá uppkomum við tökum kvikmyndarinnar.

Leikstjórinn, sem frumsýnir leikna þáttaröð á RÚV þegar Eurovision hefur runnið sitt skeið, er síðan á leiðinni til Los Angeles síðar í þessum mánuði þar sem hann mun sitja fjóra fundi með einhverjum stórlöxum úr kvikmyndaborginni. Hann vildi ómögulega upplýsa hverjir ættu eftir að sitja þennan fund en sagðist ætla að nýta tækifærið og heim-sækja tökustað Baltasars Kormáks í New York sem þá verður byrjaður á *Contraband* með Mark Wahlberg og Kate Beckinsale í aðalhlutverkum.

- fgg



Á ÚTLEIÐ Gestur Valur Svansson er á leiðinni til Los Angeles. Hann ætlar þó fyrst að hitta góðvini sína úr Klovn-tvíeykinu sem eru væntanlegir til landsins í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HANNA felting

ÚTSALA

Laugavegur 20B, við Klapparstíg 551 5070 hanna.is



HM-LAG Róbert Örn Hjálmtýsson í hljómsveitinni Ég hefur samið HM-lag fyrir íslenska landsliðið. Hann á sjálfur „glæstan“ feril að baki í handboltnum með ÍR.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

“Ófyrirgeflega gaman og nærandi fyrir sálina!”

SKAPANDI SKRIF

með Þorvaldi Þorsteinssyni (Skilaboðaskjóðan, Blíðfinnsbækurnar, Vasaleikhúsið, Við fótiskör meistarans, And Björk of Course...)

Aukanámskeiðin í október og nóvember seldust strax upp!

Ennþá örfá sæti laus
10. janúar



Umsagnir þátttakenda:
“Frábært nesti til lífstíðar.”

“Meiriháttar upplifun, - opnar óendanlega möguleika.”

“Fær mann til að hugsa upp á nýtt.”

“Hvort sem þú ert að feta þín fyrstu skref eða hefur reynt af skrifum, þá er þetta námskeið sem nýtist þér.”

Nánari upplýsingar hjá gg@ropeyoga.com og í síma 8223699

SKRÁÐU ÞIG NÚNA á kennsla.is

Athugið að námskeiðum fer fækkandi.

RÓBERT ÖRN HJÁLMTÝSSON: INGIMUNDUR ER TRÖLLABARN

HLJÓMSVEITIN ÉG SEMUR HM-LAG FYRIR LANDSLIÐIÐ

„Ég er búinn að semja lagið og það verður frumflutt í þættinum hans Loga Bergmanns á föstudagskvöldið,“ segir Róbert Örn Hjálmtýsson, forsprakki hljómsveitarinnar Ég. Hann hefur samið nýtt lag fyrir íslenska landsliðið í handbolta sem á að blása strákunum okkar baráttu-anda í brjóst þegar þeir leika fyrir hönd þjóðarinnar í Svíþjóð. Róbert segir lagið vera samið af þekkingu um íþróttina en sjálfur á hann „glæstan“ feril að baki í íþróttinni.

En fyrst að laginu. Róbert veit ekki hvort það sé hægt að lýsa laginu sem stuðlagi en síðasta lag landsliðsins, Gerum betur,

var vissulega stuðlag enda eftir Stuðmanninn Valgeir Guðjónsson. „Lagið er eins og að spila handbolta, það er „aggressívt með mikilli snilld í, gítarsólum og öðru slíku,“ útskýrir Róbert.

Í textanum vildi hann svo ausa úr sínum viskubrunni; það sé til að mynda gott að vipa yfir markmanninn því þá fari hann úr stuði. „Og svo vildi ég útskýra fyrir mönnum hvað samskeytin eru og að vörnin er besta sóknin. Þetta er svona attitjúd-lag um hvernig maður eigi að vinna handbolta-leik; að berja á andstæðingnum og vera snjall.“

Róbert á sjálfur leynda fortíð í handboltnum. Hann var liðs-

maður feikiöflugs ÍR-liðs í yngri flokkunum sem varð Íslandsmeistari á sínum tíma en þar mátti finna kempur á borð við Sverri Þór Sverrisson, Sveppa, og Ólaf Örn Josephsson, betur þekktan sem Stafrænan Hákon, fyrrverandi landsliðsmanninn Ragnar Óskarsson og núverandi silfurdreng, Ingimundur Ingimundarson.

„Ingimundur var svona tröllabarn. Og ég spilaði einmitt áramótaleik um daginn á móti honum með ÍR um daginn og þá komst ég að því að hann er ómennskur. Ég er ansi hræddur um að hann sé búinn til inni á einhverri tilraunastofu.“

freyrgigja@frettabladid.is

Airwaves fær fimm milljónir

„Ég fagna því á þessum krepputímum að við skulum fá fimm milljónir inn í Airwaves,“ segir Grímur Atlason, framkvæmdastjóri tónlistarhátíðarinnar Iceland Airwaves.

Hátíðin fékk í sinn hlut fimm milljónir króna úr ríkissjóði á fjárlögum 2011 sem voru ákveðin fyrir júl. Þetta er í fyrsta sinn sem hátíðin fær styrk úr ríkissjóði en undanfarin ár hefur hún fengið styrk frá Reykjavíkurborg, sem á síðasta ári nam sex milljónum króna.

„Allar sambærilegar hátíðir á Íslandi hafa verið á fjárlögum í dálítinn tíma. Það var eitt af fyrstu verkefnum mínum að sækja um þetta og leiða að því sjónir að þessi hátíð væri að skila það miklu að það væri mikilvægt að myndarlegir styrkir kæmu frá hinu opinberlega til hennar,“ segir Grímur. „Auðvitað erum við



GRÍMUR ATLASON Framkvæmdastjóri Iceland Airwaves er ánægður með milljónirnar fimm.

þakklát fyrir þetta en þetta eru engar stórar upphæðir í heildarsamhenginu. Það er alltaf gott að fá eitthvað sem tryggir einhvers konar lágmarksrekstur. Styrkurinn frá Reykjavíkurborg og þessi styrkur eru mjög góðir fyrir okkur.“

Lengi hefur verið barist fyrir því að stjórnvöld veiti meiri styrki til Airwaves. Leiða má að því líkur að jákvæð skýrsla Tómasar Young um þá miklu veltu sem hefur skapast í kringum þá erlendu gesti sem koma á hátíðina hafi átt sinn þátt í að opna augu stjórnvalda og um leið budduna.

„Þetta er svo mikilvægt, því að þetta skilar sér. Þarna er verið að fjárfesta aura og græða tugi króna,“ segir Grímur.

- fb

FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

ÍPRÓTTIR

LÍFIÐ

UMRÆÐAN

MEIRA AF FRÆGA FÓLKINU

Deildu Vísir með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísir á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.



vísir.is

HM
Í HANDBOLTA
HEFST 13. JANÚAR



ÁFRAM ÍSLAND!



ALLIR LEIKIR ÍSLANDS SÝNDIR Í HD!

13. jan.	Opnunarleikur mótsins
14. jan.	Ísland – Ungverjaland
15. jan.	Ísland – Brasilía
17. jan.	Ísland – Japan
18. jan.	Ísland – Austurríki
20. jan.	Ísland – Noregur
22.–25. jan.	Leikið í milliriðlum
28. jan.	Undanúrslitaleikir
30. jan.	Úrslitaleikur um bronsverðlaunin
30. jan.	Úrslitaleikur um heimsmeistaratitilinn

ÍSLAND Á HM Á STÖÐ 2 SPORT

Eftirvæntingin hefur aldrei verið meiri enda verða yfir 30 leikir í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. Umfjöllun í umsjón Þorsteins Joð verður betri og ítarlegri en nokkru sinni. Áhorfendur heima í stofu geta tekið þátt í umræðunni í gegnum Facebook. Tryggðu þér áskrift og misstu ekki af þessum stórvíðburði í janúar!

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja



Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR AF FÓLKI

Ólafur syngur með Palla

Karóikvíslarnar verða ræstar í Norræna húsinu og víða um land klukkan 15 í dag að frumkvæði söngkonunnar Bjarkar Guðmundsdóttur. Eins og fjölmiðlar hafa greint frá ætlar hún að taka lagið með Ómari Ragnarssyni á einhverjum af dögnum þremur sem karóikvíslan stendur yfir. Annað ólíklegt tvíeyki, poppkóngurinn Páll Óskar og handboltahetjan **Ólafur Stefánsson**, ætla að syngja saman og krefjast þess þannig að auðlindir landsins verði framvegis í lögsögu almennings.



Óvíst er hvaða lag verður fyrir valinu hjá þessum miklu meisturum, en á meðal íslensku laganna sem eru í boði eru Sódóma, Reyndu aftur og All Out of Luck.

Setur markið hátt

Áramót eru tími fagurra fyrirheita og hafa flestir einhvern tíma lofað bót og betrun á nýju ári. Ekki eru þó allir eins metnaðarfullir og **Illugi Jökulsson**, sem tilkynnti á Facebook-síðu sinni að hann stefndi á að hlaupa New York maraþonið sem fram fer í nóvember. Illugi hefur stundað




ræktina með hléum undanfarið en nú er runninn upp tími alvörunnar. Á síðunni sinni segist hann eiga nokkurt verk fyrir höndum en hann hafi þó enn nægan tíma.

- afb, þj

Mest lesið **VISIR.IS**

- 1 Sonurinn lamaður fyrir neðan mitti – „Hrikalegt áfall“
- 2 Þekkið þið ræningjana
- 3 Ríkissaksóknari: „Mér finnst þetta forkastanlegt“
- 4 Reyndi að ræna Arion banka vopnaður grjóti
- 5 Meintur nauðgari flutti til útlanda – rannsókn á lokastigi
- 6 Sat saklaus í fangelsi í 30 ár

Fréttablaðið er nú með **187%** meiri lestur en Morgunblaðið.



Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára. Könnun Capacent í ágúst til október 2009 og 2010.

Útsöluur!

BOSS
HUGO BOSS

HUGO
HUGO BOSS

SAND

RALPH LAUREN



KONUR

B&S | Kringlunni 553 4141

HUGO BOSS

HUGO BOSS | KRINGLUNNI 533 4242

BOSS
HUGO BOSS

HUGO
HUGO BOSS

fierra
GARÐURINN
-klæðir þig vel

KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410

SAND

strellson

eterna

CANALI

POLO RALPH LAUREN

FINUCCI
collezione

POLO JEANS CO.

bugatti

gardeur

TINO COSMA

BOSS
HUGO BOSS

LLOYD

ENGLABÖRNIN

Falleg fót á stelpur og stráka...

Kringlunni sími 552 2201



bisgaard

